

28. janúar 1991

79

Nr. 33

Stofnun:

Umhverfissráðuneyti

Veiðistjóri

Veðurstofa Íslands

Starf:

Dýrahirðir

Eftirlitsmenn veðurspádeildar

Háloftamenn, Keflavíkurflugvelli

Veðurathugunarmenn á Hveravöllum

Yfirdeildarstjóri veðurspádeildar

Skrá þessi tekur gildi 15. febrúar 1991.

Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1991.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Birgir Guðjónsson.

29. janúar 1991

Nr. 34

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hafnar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Hafnar, nr. 496, 10. október 1989, sem öðlast þegar gildi.

Allir liðir gjaldskrárinnar samkv. 3. og 4. gr. hækki um 5,0%

Aðrir gjaldskrárliðir verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 29. janúar 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

29. janúar 1991

Nr. 35

AUGLÝSING

um kaup Rafmagnsveitna ríkisins á Hitaveitu Hafnar.

Með samningi, dags. 23. janúar 1991, sem iðnaðarráðherra hefur samþykkt, var gengið frá kaupum Rafmagnsveitna ríkisins á Hitaveitu Hafnar.

Hitaveitan framselur Rafmagnsveitunum til 25 ára einkaleyfi það sem hún hefur til starfrækslu hitaveitu og dreifingar og sölu varmaorku á Höfn í Hornafirði.

Rafmagnsveiturnar starfrækja hitaveituna í samræmi við reglugerð þá sem í gildi er fyrir Hitaveitu Hafnar nr. 184, frá 30. nóvember 1988, þó að undanskildum I. kafla, þar til ný reglugerð hefur verið sett fyrir starfsemi kaupanda. Taka Rafmagnsveiturnar við réttindum og skyldum hitaveitunnar samkvæmt reglugerðinni þann tíma.

Iðnaðarráðuneytið, 29. janúar 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.